

Myndbandaryni

Five Senses

Skilningarvitin

Í Five Senses kynnumst við nokkrum manneskjum sem eiga það sameiginlegt að vera í leit að tilgangi. Það sem aðgreinir myndina frá öðrum slíkum myndum er að skilningarvitin, heyrn, sjón, snerting, lykt og bragð, eru leiðandi afl í tilvist persónanna. Rona á ítalskan kærasta sem er snilldarkokkur, sjálf finnur hún vont bragð af öllu sem hún bakar. Vinur hennar, Robert, er samkynhneigður maður í leit að horfinni ást. Hann telur að finni hann réttu lyktina af fyrrum elskhugum þá sé það hinn eini rétti. Sjónin er ráðandi hjá táníngnum Rachel sem vill ekki horfast í augu við raunveruleikann. Læknirinn Richard er að tapa heyrninni og notar síðustu dagana til að muna hvað hann heyrði. Móðirin Ruth, sem hefur misst barnið, þarf á snertingu að halda. Það sem tengir þessar persónur og aðrar sem koma við sögu, beint og óbeint, er barnshvarf sem verður mikill fjölmiðlamatur.

Five Senses er ákaflega vel gerð og áhrifamikil mynd. Persónur eru skýrar og einmanaleiki þeirra er dreginn sterkt fram í dagsljósið í gegnum skilningarvitin. Þá eiga þau það sameiginlegt að berjast öll gegn einmanaleikanum hvert á sinn hátt. Kanadíski leikstjórnari Jeremy Podeswa skilur við flestar persónur sínar í betra ástandi en í upphafi en þó ekki allar. Það er sérstaklega Rona, sem í fyrstu átti kannski við minnsta vandamálið að stríða, sem líklega á ekki góða daga fram undan. -HK

Útgefandi: Myndform. **Leikstjóri:** Jeremy Podeswa. **Leikarar:** Mary-Louise Parker, Pascale Bussieres, Molly Parker og Richard Clarkin. Kanada, 1999. **Lengd:** 106 mín. Bönnuð börnum innan 16 ára.

My Dog Skip



Besti vinurinn

Ef ætlunin er að láta fara vel um sig eina kvöldstund er My Dog Skip kvikmynd sem hægt er að mæla með að horft sé á. Þessi hugljúfa kvikmynd er um venskap þeirra sem eru minnimáttar, venskap sem bætir og gerir þá sterka sem fyrir máttu sín litils.

My Dog Skip gerist í smábæ meðan síðari heimsstyrjöldin stóð yfir. Söguhetjan okkar er Willie, ungur drengur, sem í dag mundi verða sagt um að yrði fyrir einelti í skólanum. Hann hefur meira gaman af að lesa en að leika fótbolta. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hetjan í hans augum er upprennandi fótboltastjarna í næsta húsi sem er á leið í stríðið. Í afmælisgjöf fær Willie frá móður sinni lítinn hund sem hann kallar Skip. Það er eins og við manninn mælt, Willie fær auknið sjálfstraust þegar hundurinn er við hlið hans og með Skip að vopni býður hann heiminum birginn. Það er síðan ekki nóg að fyrrum fjandvinir Willie fara að sækjast eftir venskap hans heldur nýtur Billy aðdáunar fallegustu stelpunnar í skólanum.

Það er erfitt annað en að hrífast að þeim innileik sem einkennir My Dog Skip og sumir ættu að hafa vasaklúttinn til hliðar. Myndin er vel leikin, sérstaklega fer Kevin Bacon vel með hlutverk föðurins og sjaldgæft að sjá þennan ágæta leikara leika jafn innhverfan mann. Samleikur hundsins og hins unga Frankie Munitz er einnig með miklum ágætum. -HK

Útgefandi: Sam myndbönd. **Leikstjóri:** Jay Russell. **Leikarar:** Frankie Munitz, Kevin Bacon, Diane Lane og Luke Wilson. Leyfð öllum aldurshópum.



Opnun sumarsýningar á Kjarvalsstöðum:

Hekla heillaði sýningargesti

Margt mætra manna og kvenna var viðstátt opnun sýningarinnar Flogið yfir Heklu á Kjarvalsstöðum í gær. Þar var okkar fræga eldfjall Hekla í ótal myndum og heillaði viðstadda, rétt eins og margan myndlistarmanninn gegnum tíðina. Einar Garibaldi Eiríksson átti heiðurinn að vali og uppsetningu myndanna og studdist þar við eigin fyrirlestur undir þessu sama nafni, Flogið yfir Heklu. Reyndar er nafnið sótt enn lengra, eða til greinar Halldórs Laxness um Kjarval sem birtist í bók um listmálarann árið 1950. Flogið yfir Heklu er önnur tveggja sumarsýninga Listasafns Íslands á Kjarvalsstöðum og á eflaust eftir að laða til sín fjölmarga gesti, bæði íslenska og erlenda.

Spáð í eldfjallið

Guðrún Jónsdóttir hjá menningar-
málanefnd
Reykjavíkur,
þóra Kjarval
og Jóhannes
Kjarval

DV-MYNDIR EJ.



Listamenn

Katrín Sigurðardóttir myndlistarkona, Anna Líndal, prófessor við Listaháskólann, Kristján Steingrímur Jónsson, forseti myndlistardeildar Listaháskólans, og Hrefna Birna Björnsdóttir kennari.

Grétar Reynisson og Einar Garibaldi Eiríksson. Árangur uppsetningarinnar kominn í ljós.

Villi Valli flytur um set á Ísafirði:

Síungur rakari og harmóníkuleikari

Einn þeirra sem sett hafa svip á bæjarbraginn á Ísafirði síðustu áratugi er Vilberg Vilbergsson hárskeri, eða Villi Valli eins og hann er jafnan kallaður. Villi Valli hefur haft hendur í hári Ísfirðinga frá því um 1940 en rekið eigin rakarastofu í sama húsinu allt frá árinu 1959 þar sem hann hefur rakarastofuna á neðri hæð hússins en býr á loftinu. Það eru því kynslóðir sem þekja ekki bæinn án rakarastofunnar í Hafnarstrætunni. Nú er þessi rótróna rakarastofa orðin fyrir skipulaginu þar sem til stendur að byggja verslunarmiðstöð þar sem húsabyrping sú stendur sem meðal annars hýsir stofuna.

„Ég lærði á stofunni í Silfurgötunni en þegar rakarinn sem var hérna flutti burt keypti ég af honum stofuna og hef verið hérna síðan. Það hefur verið rakarastofa í þessu húsi í að minnsta kosti 60 ár þannig að það verður sjónarsviptir að þessu húsi,“ segir þessi síungi rakari.

Villi Valli er nú á næstu dögum að flytja stofuna sína og eftir langa fjarveru opnar hann á ný stofu í Silfurgötunni, 42 árum eftir að hann fór í Hafnarstrætið. Sama fyrirkomulag verður á nýja staðnum; stofan verður á jarðhæðinni en heimilið á efri hæð hússins. Hann segir þetta hafa ótvíráða kosti í för með sér því hann komist alltaf þurrum fótum í vinnuna.

Það hefur lengi verið sagt að púls bæjarlífs hvers bæjar slái á rakarastofunum og stofa Villa Valla er þar engin undantekning. Allir aldurshópar sækja stofuna og hafa mislífseigar tiskusveiflur lítill áhrif þar á. Þegar sest er í stólinn hjá Villa fær maður



Bítillinn

Villi Valli með skúlpúttur sem hann hefur smíðað.



Rakarinn

Margar kynslóðir hafa sótt sér klippingu til Villa Valla á síðustu sex áratugum. Hér er hann með ungan dreng, Hjalta Heimi Jónsson, í stólnum hjá sér.

bæjarstemninguna beint í æð. Þegar vel gengur og bæjarlífið er á uppleið leikur þessi lífsglaði maður við hvern sinn fingur en þegar á móti blæs slær hann höndum gjarnan niður með síðum áður en hann kemur sér að því að ræða þau mál sem til óheilla horfa – enda erfitt fyrir menn sem bæði eru bjartsýnir og jákvæðir að horfa upp á það sem miður fer.

En Villi Valli er meira en rakari.

Um áratugaskeið hefur hann skemmt Vestfirðingum með tónlist og er enn að. Nýlega gaf hann út geisladisk sem innihélt frumsamið efni og heitir diskurinn einfaldlega Villi Valli. „Ég byrjaði að fíkta við tónlist um fimm ára aldur en fyrst kom ég fram tólf ára. Þá spilaði ég á dansleik á Flateyri, þaðan sem ég er. Stundum leið nokkur tími á milli dansleikja en svo voru kannski 3-4 í sömu vikunni.

Þetta fór allt eftir vinnunni og þegar togarar komu í höfn var jafnan slegið upp balli. Þá voru sendir miðar í húsin um að það yrði ball í kvöld og frítt fyrir dómur. Svo var selt inn þar til komið var inn fyrir kostnaði. Þá var miðasölunni lokað og þeir sem stóðu fyrir ballinu fóru bara að skemmta sér með gestunum. Það var ekki græðginni fyrir að fara á þeim árum.“ -GS

PARTNER
STEINSAGIR
DIMAS
DIAMOND TOOLS

MHG
VERSUN

TEXTRON
RYAN
CUSHMAN
JACOBSEN
RANSOMES
GSI SCHAEFER

EZZGO

Husqvarna

Brandt Speed Power Tools Ltd

MTD
OUTDOOR

Dalvegur 16A • 202 Kópavogur • S: 544-4656 • F: 544-4657 • mhg@mhg.is